

KIRKJUGARÐARÁÐ

52. fundur haldinn 23. maí 2007 í Aratungu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Að morgni mánudagsins 23. maí var farið í ferð á Selfoss og að Sólheimum í Grímsnesi og endað á fundi í Aratungu.

Á Selfossi áttu nefndarmenn fund með fulltrúum kirkjugarðsins á Selfossi, þeim Garðari Einarssyni, Jónasi Jónssyni og Eygló Jónu Gunnarsdóttur.

Rætt var um í hvaða farvegi stækkun á kirkjugarðinum á Selfossi væri. Heimamenn gerðu grein fyrir að núverandi garður myndi einungis duga næstu tvö árin, þar sem bærinn hefur stækkað það mikið. Farið er að þrengja að á Eyrarbakka og Stokkseyri og töldu fulltrúar kirkjugarðsins eðlilegast að gera einn garð fyrir allt Árborgarsvæðið. Nauðsyn á stækkun garðsins hefur verið rædd við sveitarfélagið undanfarin 10 ár án árangurs. Töldu fulltrúarnir að hátt verð á byggingarlandi ylli því að ekki væri búið að leysa málið.

Var ákveðið framkvæmdastjóri hefði samband við formann sóknarnefndar vegna málsins og ræddi um hvort það myndi styrkja málið ef Kirkjugarðaráð ritaði bréf þar sem vakin yrði athygli á nauðsyn þess að leysa málin varðandi kirkjugarð fyrir Árborgarsvæðið. Að loknum fundi var kirkjugarðurinn skoðaður.

Að því loknu var farið að Sólheimum í Grímsnesi þar sem sr. Birgir Thomsen og Pétur Sveinbjarnarson sögðu frá starfseminni. Svæðið var skoðað undir leiðsögn sr. Birgis. Ferðin endaði í kirkjunni þar sem kirkjugarðaráði var kynntur fyrirhugaður kirkjugarður á staðnum. Gerð var grein fyrir að ákvarðanataka varðandi garð á staðnum væri ekki í höndum Kirkjugarðaráðs.

Að kynningunni lokinni var haldið í Aratungu þar sem 52. fundur Kirkjugarðaráðs var haldinn.

1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 15:15. Fundargerð síðasta fundar var sett fram og samþykkt.

2. Kirkjur Íslands

Formaður spurði um hvort búið væri að semja um greiðslur vegna verkefnisins: „Kirkjur Íslands” og kvað Guðmundur Rafn málið vera enn í vinnslu. Þá nefndi Guðmundur Rafn að ákveðið hefði verið að ganga frá greiðslu vegna Hjarðarholts í Dölum. Kristín Huld upplýsti að Fornleifaverndin samþykkti ekki að

minningarsteinn vegna Tómasar Sæmundssonar í kirkjugarðinum á Breiðabólstað yrði sléttaður og að hún færi daginn eftir og mæti hvað skyldi gera við steininn.

- 3. Viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Valtýr kynnti drög að viðmiðunarreglum Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hann nefndi að aðeins hefðu komið athugasemdir frá Reykjavíkurborg. Samband ísl. sveitarfélaga er sátt við útgáfuna eins og hún er núna og tilbúið til að undirrita. Næsta stig er að útbúa formlegt skjal til að undirrita og hafa formlega skráningarathöfn. Framkvæmdastjóra var falið að sjá um málið.
- 4. Framkvæmdir við Árbæjarkirkju**
Lagt var fram bréf Fornleifaverndar ríkisins vegna framkvæmda við Árbæjarkirkju og lagfæringa við og í kirkjugarði. Kristín Huld gerði grein fyrir nauðsyn þess að Fornleifavernd ríkisins fengi fyrr upplýsingar um þessi mál en raun ber vitni. Þegar sótt er um til Kirkjugarðasjóðs eru framkvæmdir oftast hafnar og skaðinn skeður. Fornleifavernd ríkisins óskar eftir upplýsingum um allar framkvæmdir í og við kirkjugarða þegar á skipulagsstigi. Ákveðið var að Kristín Huld og Guðmundur Rafn byggju til verklagsreglur til þess að mál sem þessi færu í réttan farveg.
- 5. Aðalfundur KGSÍ**
Þórsteinn sagði frá aðalfundi KGSÍ sem haldinn var á Egilsstöðum 19. maí. Fundurinn reyndist gagnlegur og voru fundarmenn 53. Þórsteinn afhenti Kirkjugarðaráði Ársskýrslu KGSÍ og In memoriam ehf.
- 6. Tilnefning tengiliðar vegna vinnu við aðalskipulag Fljótsdalshéraðs**
Var samþykkt að Sigurgeir yrði tengiliðurinn.
- 7. Næsti fundur**
Verður haldinn 18. júní í skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkur-prófastsdæma í Fossvogi.
- 8. Önnur mál**
Vor engin.

Fundi slitið kl. 16:15.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari